

## Fulltrúaráð

Dags. 14.05.2024	Kl. 13:15	Staður: Grand Hótel Háteig
Fundarboðun: J.P.	Fundarritari:	Ingibjörg Sif Sigríðardóttir

### Dagskrá:

- Fundur settur. Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis
- Staðan í kjaraviðræðum, Þórarinn og Ingólfur
- „Okið undan sjálfum mér“. Björgvin Franz Gíslason
- Kynning frá orlofsdeild, úthlutun orlofshúsa og aðrir kostir sem Sameyki býður upp á í orlofsmálum. Vilhjálmur Ólafsson
- Önnur mál

#### 1. Fundur settur.

Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis

#### 2. Staðan í kjaraviðræðum,

Þórarinn byrjaði á að fara yfir stöðuna í kjarasamningum, nýlega var skrifað undir samning við Isavia, Sameyki og FFR unnu þar saman. Ingólfur sagði frá að kjarasamningurinn er nú í atkvæðagreiðslu sem stendur yfir til morguns, mikilvægt er að upplýsingar um félagsmenn séu réttar á mínum síðum. Nú eru 80 af 270 búnir að kjósa.

Þórarinn sagði frá að viðræðum við Reykjavíkurborg og ríkið hefur verið vísað til ríkissáttasemjara. Viðræður voru lengi að fara af stað. Vinnuhópar hafa verið að störfum, m.a. um dagvinnu og neyslulhlé og svo vinnutilhögun í vaktavinnu, ekki hefur verið full sátt um tillögur hópanna. Nú er ríkissáttasemjari með stjórn á viðræðunum, það var farsælt skref að vísa báðum þessum deilum til hans. Ríkissáttasemjari bað hópana að skipta sér í minni hópa til að vinna að afmarkaðri málum, launatengd mál, vinnutíma/vaktavinnu og önnur mál. Ríkissamningurinn er kominn aðeins lengra í þessari hópavinnu.

Sveitarfélagasamningar, nú eru starfsmenn sem voru hjá Skálatúni orðnir starfsmenn Mosfellsbæjar. Við erum ekki stór hluti af sveitarfélagasamningunum og önnur stærri félög leiða þá vinnu.

Þegar þessu stóru samningar klárast þá er komin fyrirmynd að útfærslum fyrir aðra samninga sem Sameyki gerir fyrir sína félagsmenn.

Hlutverk trúnaðarmanna er mikilvægt, þau hafa látið félagið vita ef eitthvað er ekki að virk rétt á vinnustöðum. Þórunn trúnaðarmaður sem er starfsmaður búsetukjarna er gott dæmi, hún er nú partur af kjarasamningsviðræðunum og hefur áhrif til að stuðla að umbótastarfi hjá Reykjavíkurborg

Nú er verið að gera könnun meðal starfsmanna í leikskólum og grunnskólum um starfsaðstæður og starfsánægju.

Pétur Karlsson spurði ef það tekst ekki að semja fyrir 1. júní hve há orlofsuppbótin verður. Eins spurði hann af hverju þetta þarf að vera svona að samningar eru löngu útrunnir þegar samið er á ný.

Þórarinn sagði að vanalega er greidd sama upphæð og var árið á undan, hún er svo gerð upp þegar búið er að semja. Um löngu útrunna samningana, það er ekki til eitt svar við því, við stjórnnum ekki áhuga viðsemjenda við samningaborðið. Viðræður taka langan tíma á meðan ekki er hægt að semja, nei-ið verður langdregið, stundum þarf að fara í verkfall til að knýja fram samningasamtal. Nú eru vísanir til ríkissáttasemjara að koma á fyrri stigum.

Sólveig, starfsmaður grunnskóla, hefur áhyggjur af því að skólastarfsmenn verði farnir í frí þegar fjalla á um kjarasamninga og kjósa um þá. Hún hefur líka áhyggjur af að fara í 4 ára samninga. Þórarinn sagði að í þessum 4 ára samningum eru nokkur forsenduákvæði, verðbólga þarf að lækka, 2 mælieiningar sem hafa áhrif á launin, kauptaxtaauki (launaskriðstrygging) og framleiðniauki. Ef framlag ríkissins verður ekki eins og talað var um þá er það einnig forsendubrestur.

### 3 „Okið undan sjálfum mér“

Björgvin Franz Gíslason, Fyrirlestur byggður á meistaranámi hans í Bandaríkjunum.

Þar sem Björgvin fjallaði um vegferð sína út úr kulnun með nýjum lifnaðarháttum.

### 4. Kynning frá orlofsdeild, úthlutun orlofshúsa og aðrir kostir sem Sameyki býður upp á í orlofsmálum. Vilhjálmur Ólafsson

Vilhjálmur fór yfir úthlutanir orlofshúsa í sumar. 53 hús voru í úthlutun og 15 hús í dagleigu þar sem fyrstur kemur fyrstur fær gildir. 1138 umsóknir bárust og 610 samþykktar eða rúmlega 50%. Það voru allt að 72 umsóknir um sama hús á sama tíma. Hann fór yfir að enn væru laus hús í maí, júní og ágúst en júlí væri nánast upp bókað.

Vilhjálmur talaði einnig um aðra kosti sem orlofssjóður býður upp á s.s. gjafabréf í flug, útilegu og veiðikort. Orlofsávísun og ferðaávísun.

Hann sagði einnig frá því að opnað yrði fyrir bókanir fyrir tímabilið 23. ágúst – 2. Janúar 2025. á morgun (15.5)

## 5. Önnur mál

Jakobína þakkaði trúnaðarmönnum fyrir góða vinnu í borðavinnu á síðasta fundi. Byrjað er að taka saman þær mörgu góðu hugmyndir sem þar komu fram en það verði kynnt á fundi í haust.

Einnig minnti hún á mikilvægi þess að minna félagsfólk á að skrá í gegn um mínar síður netfang og símanúmer þegar kemur að atkvæðagreiðslu um kjarasamninga er mikilvægt að Sameyki hafi þessar upplýsingar.

Síðan var ósk um gleðilegt sumar og að við hittumst næst á fundi í haust.

Fundi lokið 15.40